

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. maí 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-107/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift, eða að seljandi veiti annaðhvort afslátt af kaupverði eða framkvæmi úrbætur á bifreiðinni, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 21. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 11. janúar. Með bréfi, dags. 15. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 24. janúar. Með bréfi, dags. 25. janúar, gaf kæruneftndin seljanda kost á að koma að frekari andsvörum. Með bréfi, dags. 28. janúar, tilkynnt seljandi að hann teldi ekki tilefni til að gera frekari andsvör. Engin frekari gögn bærust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, kemur fram að álitsbeiðandi hafi, ásamt systur sinni, farið að skoða bíla á bílasölu á Selfossi hinn 9. júlí 2012. Þar hafi þær prufuekið bifreiðinni xx-000. Hafi þeim litist vel á bifreiðina, en tekið eftir því að annar hliðarspegillinn var ónýtur, rúðupurrkur virkuðu ekki og bílbeltaljós í mælaborði blikkaði. Þá hafi verið eitthvað „klikk“ í skiptingu bifreiðarinnar. Gerði álitsbeiðandi athugasemdir varðandi þessa þætti við bifreiðasalann. Hinn 13. júlí var gengið frá kaupunum á bifreiðinni, en hún fór þó á verkstæði Z á vegum seljanda hinn 18. júlí og fór afhending bifreiðarinnar fram hinn 19. júlí, eftir að viðgerð hafði verið framkvæmd. Segir álitsbeiðandi að strax eftir afhendingu bifreiðarinnar frá verkstæðinu hafi hún orðið vör við að bílbeltaljós í mælaborði blikkaði enn og að smellir voru enn í sjálfskiptingunni. Lét álitsbeiðandi verkstæðið vita af þessu. Hinn 9. ágúst þurfti síðan að gera við pústkerfi bifreiðarinnar og í lok sama mánaðar var bifreiðin smurð. 1. október fór álitsbeiðandi aftur með bifreiðina á verkstæði Z vegna smella í sjálfskiptingu, en þar var henni sagt að um væri að ræða „víbring“ í bifreiðinni en ekki smelli í skiptingu. Þessu mótmælti álitsbeiðandi, en engin viðgerð virðist hafa verið framkvæmd á bifreiðinni að þessu sinni.

Hinn 25. október sl. pantaði álitsbeiðandi tíma í forgreiningu hjá A. Þar kom fram að bremsudiskar voru skakkir og titringur í bremsum. Var niðurstaða A sú að skipta þyrfti um alla bremsudiska- og klossa, ásamt því að vél bifreiðarinnar lak olú og kælivökva.

Álitsbeiðandi kveðst hafa verið í sambandi við framkvæmdastjóra seljanda vegna vandræða sinna og hafi hann bent henni á að setja sig frekar í samband við FÍB.

Hinn 30. nóvember sl. kveðst álitsbeiðandi síðan hafa verið í sambandi við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um bifreiðakaupin, til að athuga með frekari viðgerðir á bifreiðinni. Fékk álitsbeiðandi tíma hjá bifreiðaverkstæðinu Z hinn 5. desember sl. Þar var skipt um bremsudiska og –klossa, en við framkvæmd skiptingarinnar kom í ljós kom að bremsudælur

að aftan voru ónýtar og hjólalega að aftan vinstra megin var ónýt. Hafði álitsbeiðandi samband við bifreiðasalann sem lýsti sig reiðubúinn til að greiða fyrir helming af viðgerðarkostnaði vegna bremsudælanna og hjólalegunnar, en allan kostnað ef álitsbeiðandi myndi fara á skrifstofu seljanda og skrifa þar undir yfirlýsingu þess efnis að hún myndi ekki gera frekari kröfur vegna bifreiðarinnar. Ekki kemur fram hvort álitsbeiðandi gerði það. Hins vegar mun álitsbeiðandi hafa greitt fyrir viðgerð vegna kælivatnsleka hjá verkstæði Z, kr. 35.387, skv. meðfylgjandi reikningi, dags. 7. desember sl. Þá segir álitsbeiðandi að eftir að hafa skoðað kaupsamninginn vegna bifreiðakaupanna hafi hún séð að á samningnum standi að bifreiðin sé af tegundinni VW Passat Comfortline, en ekki VW Passat Highline, en hún telji sig hafa verið að kaupa bifreið af síðarnefndri tegund.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var kaupsamningur og afsal vegna bifreiðarinnar xx-000, dags. 13. júlí sl., yfirlit úr ökutækjaskrá, dags. s.d., lánasamningur vegna bifreiðakaupanna, dags. s.d., afrit af bilanagreiningu frá A, dags. 25. október sl. og afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við framkvæmdastjóra seljanda, umrætt verkstæði og starfsmann bifreiðasölu þeirrar er hafði milligöngu um sölu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er það rakið að álitsbeiðandi keypti umrædda bifreið af seljanda á bifreiðasölu á Selfossi. Hafi álitsbeiðandi reynsluekið bifreiðinni hinn 9. júlí og eftir aksturinn gert athugasemdir við hliðarspegil, rúðupurrkur og viðvörunarljós í mælaborði. Þessi atriði hafi verið lagfærð og ekki sé um þau deilt.

Í andsvörum segir næst að í gögnum máls sé m.a. að finna afrit af kaupsamningi fyrir bifreiðinni, dags. 13. júlí 2012. Þar komi fram að bifreiðin xx-000 sé nýskráð 14. júní 2005. Undir liðnum „aðrir skilmálar“ standi eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.“ Neðst í sama kaupsamningi, undir liðnum „undirskriftir“ standi beint fyrir ofan undirritun kaupanda: „Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Segir í andsvörum að álitsbeiðandi hafi staðfest ofangreind atriði með undirskrift sinni á kaupsamninginn.

Hinn 9. ágúst hafi kaupandi gert athugasemdir við að gera þyrfti við þústkerfi bifreiðarinnar. Ekki sé óeðlilegt að gera þurfi við þúst á bifreið sem sé rúmlega 7 ára gömul. Getur seljandi ekki fallist á að honum sé skylt að koma til móts við álitsbeiðanda vegna þeirrar viðgerðar, en hafi engu að síður greitt fyrir hana, án þess að í því felist einhver viðurkenning á bótaskyldu. Á sama tíma hafi bifreiðin einnig verið smurð á kostnað seljanda, einnig umfram skyldu, enda kostnaður við smurþjónustu hluti af eðlilegum rekstrarkostnaði bifreiða.

Hinn 1. október hafi álitsbeiðandi farið með bifreiðina í skoðun á bifreiðaverkstæðinu Z vegna þess sem hún kallaði „skelli“. Verkstæðið tjáði henni að um víbring væri að ræða. Hinn 25. október fékkst sá skilningur staðfestur í bilanagreiningu hjá A. Þar kom fram að skipta þyrfti um alla bremsudiska- og klossa, ásamt því að bifreiðin lak kælivatni og olíu. Telur seljandi að bremsudiskar- og klossar flokkist sem slithlutir sem eðlilegt sé að skipta þurfi um í 7 ára gamalli bifreið.

Næst eru rakin samskipti álitsbeiðanda við framkvæmdastjóra seljanda. Segir m.a. að tilgangur framkvæmdastjóra seljanda, með að vísa álitsbeiðanda til FÍB, hafi ekki verið sá að tefja málið, heldur að benda álitsbeiðanda á að fá hlutlaust mat á viðskiptum sínum við seljanda.

Þá segir að seljandi að álitsbeiðandi hafi, hinn 20. nóvember, sent tölvupóst á framkvæmdastjóra bifreiðasölu þeirrar er hafði milligöngu um sölu bifreiðarinnar og þar farið

fram á að kaupunum yrði rift, en til vara að seljandi veitti afslátt frá kaupverði eða lagfærði bifreiðina á eigin kostnað. Til að ljúka málinu hafi framkvæmdastjóri seljanda í kjölfarið fallist á að greiða fyrir viðgerðarkostnað vegna bremsudiska- og klossa.

Að lokum kemur fram að ásett verð á bifreiðina hafi verið kr. 1.790.000 en umsamið kaupverð kr. 1.440.000 og hafi bifreiðin því verið seld með kr. 350.000 afslætti, auk þess sem seljandi hafi látið laga þau þrjú atriði sem kaupandi kvartaði yfir áður en kaupin fóru fram. Hvað varði athugasemdir álitsbeiðanda við undirtegunð bifreiðarinnar, þá komi fram í kaupsamningi og afsali að bifreiðin sé af gerðinni „Comfortline“. Tekur seljandi fram að hann hafi komið miklu lengra til móts við álitsbeiðanda en honum hafi verið skylt, án þess að með því hafi hann fallist á bótakröfu álitsbeiðanda. Hafnar seljandi öllum frekari kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Álitsbeiðandi bendir á það í athugasemdum sínum að þrátt fyrir að það komi fram í kaupsamningi og afsali að bifreiðin seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér, þá komi einnig fram að seljandi kunni að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Þá segir álitsbeiðandi að bifreiðasali hafi ekki vakið athygli hennar á þeim rétti hennar að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins, að þessu séu tvö vitni. Hvað varði verðið á bifreiðinni, þá geri allir tilboð í notaðar bifreiðar, bíllin sé hins vegar búinn að vera meira eða minna bilaður frá því kaup fóru fram. Loks gerir álitsbeiðandi athugasemd við reikning nr. 114285 frá bifreiðaverkstæðinu Z, en reikningurinn virðist gefa til kynna að verkstæðið hafi framkvæmt viðgerð á pústkerfi bifreiðarinnar, en sú viðgerð hafi ekki verið framkvæmd af Z.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 13. júlí 2012 fyrir kr. 1.440.000. Bifreiðin er af gerðinni VW Passat, árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 14. júní 2005.

Bifreiðin var því rúmlega 7 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 140.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 13. júlí 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi mótmælt því að seljandi hafi vakið athygli hennar á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins fyrir kaupin, kemur engu að síður fram í kaupsamningi og afsali að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hennar á því að láta slíka ástandsskoðun fara fram. Undir þennan samning ritaði álitsbeiðandi og verður því ekki byggt á öðru en að seljandi hafi gert álitsbeiðanda grein fyrir þessum möguleika við kaupin. Hvað sem því líður mun álitsbeiðandi ekki hafa látið óháðan aðila meta ástand ökutækisins fyrir kaupin. Þá liggja engar haldbærar upplýsingar fyrir um hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum, en verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Óumdeilt er að af kröfu álitsbeiðanda lét seljandi framkvæma einhverjar smávægilegar viðgerðir á bifreiðinni við kaupin, þ.m.t. á rúðupurrkum, baksýnispegli o.fl. og kemur þetta raunar fram í kaupsamningi aðila.

Hins vegar er deilt um aðrar viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið á bifreiðinni, og hver skuli bera kostnað af þeim, þ.e. fyrir skipti á bremsubúnaði, viðgerðum á písti, smurþjónustu og viðgerð vegna leka á kælivökva. Raunar verður ekki annað sé en að allar þær viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið á bifreiðinni, utan viðgerðar vegna leka á kælivökva, hafi seljandi greitt fyrir, en þó talið það umfram skyldu sína.

Þá ber álitssbeiðandi því við að hún hafi ætlað að kaupa bifreið af undirtegundinni „Highline“ en ekki „Comfortline“. Samkvæmt gögnum máls, þ.m.t. kaupsamningi og afsali, var bifreiðin sem keypt var, af gerðinni „Comfortline“. Hvergi annarsstaðar í gögnum máls er að finna upplýsingar um að bifreiðin hafi verið af annarri undirtegund, eða að álitssbeiðandi hafi mátt ætla að hún hafi verið það. Verður því ekki séð að tilefni sé til að taka afstöðu til þessarar athugasemdar álitssbeiðanda.

Kærunefndin telur líklegt að hefði bifreiðin verið skoðuð og metin af óháðum aðila, hefði við þá skoðun orðið vart við bágborið ástand á bremsubúnaði bifreiðarinnar og leka á kælivökva. Hins vegar sé ólíklegra að vart hefði orðið við að pústkerfi þarfnaðist brátt viðgerða. Hvað sem slíku líður er það mat kærunefndarinnar að þeir gallar sem álitssbeiðandi telur vera á umræddri bifreið, séu ýmist þess eðlis að þeirra hefði orðið vart við skoðun á bifreiðinni fyrir kaupin, eða þeir séu þess eðlis að búist megi við því þegar um rúmlega 7 ára bifreið er að ræða, að til þess komi að gera þurfi við þá, eða skipta um, með tilheyrandi kostnaði. Þá teljast olúskipti ekki annað en eðlilegt viðhald á bifreið, óháð aldri hennar. Getur kærunefndin þannig ekki fallist á að nokkur af þeim atriðum er álitssbeiðandi telur til galla á bifreiðinni, geti talist vera það í skilningi a-liðar 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Verður því þegar af þeim ástæðum að hafna kröfum álitssbeiðanda.

VII Álitssorð

Kröfum álitssbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir